

**Námsáætlun fyrir textílmennt - 1. bekkur
skólaárið 2017 – 2018**



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Handverk, aðferðir og tækni</p>	<p>-notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Nemendur læra að þræða þráð, sauma þræðispor, teikna snið út frá eigin hugmyndum og klippa ólík textílefni út frá sniði.</p> <p>Nemendur búa til textílmorm úr mismunandi formum.</p> <p>Nemendur sauma óskasteinapoka úr filtefni.</p> <p>Nemendur læra að vefa úr þráði, vefa á pappaspjald og skreyta.</p> <p>Nemendur þæfa ullarkembu utan um stein og skapa sitt eigið tröll.</p>	<p>Frammistaða í tímum er metin.</p> <p>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.</p>
<p>Sköpun, hönnun og útfærsla</p>	<p>-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</p>	<p>Nemendur teikna mynd, yfirfæra á grófan java og sauma með þræðispori.</p> <p>Nemendur þrykkja málingu á textílefni og búa til poka undir verkefni vetrarins.</p> <p>Nemendur sauma óskasteinapoka með þræðispori, skreyta með tölum og pallíettum.</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

Menning og umhverfi	-sagt frá nokkrum tegundum textílefna -notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	Nemendur vinna verkefni er tengist íslensku ullinni, hrosshári og leðri í gegnum leik með dýrunum sem gefa af sér textílafurðina. Nemendur nota ólík textílefni, ný og endurunnin við gerð verkefnanna.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.			